

Stjórnarfundur nr. 9

21. janúar 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Arninbjörn Friðriksson og Guðmundur A Guðmundsson.

Brynja Tomer boðaði forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ritar.

## 1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Alls eru 121 hvolpur skráður á hvolpasýninguna okkar sem haldin verður í Gæludýr.is Korputorgi laugardaginn 25.janúar nk. Royal Canin er okkar aðalstyrktaraðili á sýningunni, kostnaður félagsins vegna þessa viðburðar er mjög lítil. Fjórir dómáranemar munu dæma á sýningunni.

Sama kvöld verður uppskeruhátíð félagsins haldin, gríðalega vel hefur gengið að selja miða á hátíðina og núna er uppselt. Eins hefur gengið vel að safna vinningum í happdrættið, en heildarverðmæti vinninga hleypur á hundruðum þúsunda og gaman að sjá hvað mörg fyrirtæki eru tilbúin að styrkja okkur. Sóley Halla Möller og Daniel Örn Hinriksson eru veislustjórar, Jóna Herbertsdóttir og Sigrún Vilbergs munu sjá um að elda matinn og Guðný Vala og Sirry Halla sáu að mestu um happdrættisvinningana. Eins hef ég ráðið Helga Braga til koma og vera með ca hálf tíma uppistand. Ég reikna með að með sölu happdrættismiða á staðnum muni viðburðurinn standa að fullu undir sér.

Skráning á alþjóðlegu sýninguna okkar og augnskoðun hefur farið vel af stað, en síðasti skráningafrestur á sýninguna er á föstudaginn 24.janúar.

Félagsgjöld voru send af stað um áramót og þau hafa skilað sér ágætlega inn, rúmlega 7.000.000 hafa nú þegar verið greidd sem er um 40% af útsendum félagsgjöldum.

Þann 5.febrúar mun Þóra Jóhanna Jónasdóttir dýralæknir gæludýra og dýravelferðar frá Matvælastofnum vera með kynningu fyrir okkar félagsmenn á nýju Dýravelferðarlögunum sem tóku gildi um áramót. Fundurinn verður haldinn í Gerðubergi.

Sámur var gefin út í fyrsta skipti rafrænt í desember, við áttum von á sterkari viðbrögðum frá félagsmönnum en félagsmenn eru annað hvort almennt bara sáttir með þetta eða er alveg sama, þar sem viðbrögð hafa verið lítil sem enginn.

1475 félagsmenn hafa greitt viðbótar 1700.kr vegna húsnæðis, ennpá eru greiðslur að skila sér inn en staðan er sú að við erum núna með 627.500 kr til að leggja inná höfuðstól láns á 1.veðrétt. 18.des 2013 var aflétt 12.500.000 kr skuldabréfi á 2.veðrétt og höfum við fengið kvittun frá bankanum þess efnis.

## 2. Stefnumótunardagur

Ákveðið eftir fulltrúaráðsfund að halda fund í janúar/febrúar vegna stefnumótunarvinnu. Guðmundur kom með tillögu að dagsetningu þann 15. febrúar. Arinbjörn, Herdís, Jóna komast þennan dag.

### 3. Erindi frá Siðanefnd HRFÍ.

Til stjórnar HRFÍ

Siðanefnd óskar eftir því við stjórn HRFÍ að settar verði verklagsreglur fyrir skrifstofu HRFÍ og stjórnir deilda þar sem skírt komi fram hvernig fara skuli með afgreiðslu mála þegar í hlut á félagsmaður sem hlotið hefur refsingu vegna brota á reglum félagsins.

Viðurlögin við brotinu geta verið eitt eða fleiri af liðum 2)-6) 28. greinar IX. kafla laga Hundaræktarfélags Íslands.

Það er mikilvægt að allir sem að málinu koma (siðanefnd, stjórn HRFÍ, stjórnir deilda og skrifstofa HRFÍ) gangi í takt varðandi þessi mál

*Stjórn sér ekki ástæðu til þess að settar verði sérstakar verklagsreglur enda mun skrifstofan fara að úrskurðum siðanefndar. Siðanefnd úrskurðar í málum og beitir viðurlögum. Stjórn framfylgir þeim úrskurðum. Stjórn telur úrskurði siðanefndar hafa verið skýra hingað til.*

### 3. Erindi frá Vinnuhundadeild.

*Efni: Formleg beiðni vegna málefna sem tekin voru fyrir á fundi með stjórn HRFÍ og vinnuhundadeildar 16. Okt. 2013.*

Stjórn vinnuhundadeildar fer fram á að stjórn HRFÍ samþykki að frá og með 1. jan 2014 verði bronspróf æfingarpróf, til samræmis við reglur á hinum norðurlöndunum.

*Það stangast á við sýningareglur vegna meistartitla, ákveðið var að senda á stjórnir deilda og sýningastjórnar til umsagnar.*

Stjórn vinnuhundadeildar fer fram á að ágóði af vinnuprófum sem deildin stendur fyrir renni til deildarinnar til þess að efla uppbyggingu hennar.

*Samþykkt, en stjórn að bendir á að kostnaður er greiddur til skrifstofu samkvæmt gjaldskrá, hvort sem auglýst próf er haldið eða ekki.*

Fara þarf yfir dómaramál, er hægt að halda dómaramámskeið, það þarf að fjölga dómurum þar sem vinnuprófum er að fjölga og erfitt er að fá dómara til þess að dæma. Það hefur þurft að fella niður próf þar sem ekki hefur fengist dómari. Einnig er mikilvægt að keppendur geti farið í próf hjá fleiri dómurum.

*Með vísan í fund 16.okt sl. óskar stjórn eftir að vinnuhundadeild komi með tillögur og kostnaðaráætlanir.*

### 4. Erindi frá Sýningastjórn HRFÍ – Breytingar á sýningareglum.

Sýningastjórn óskar eftir að stjórn samþykki eftirfarandi breytingar á 6. og 39. grein í Sýningareglur HRFÍ, sem og 6. grein í Reglur og leiðbeiningar fyrir hringstjóra.

Er núna: "6. Stranglega bannað er að koma með hvolpa yngri en 4 mánaða inn á sýningarsvæði HRFÍ."

Breyta í : "6. Stranglega bannað er að koma með hvolpa yngri en 4 mánaða inn á sýningarsvæði HRFÍ, nema um ræði sérstaka hvolpaviðburði á vegum félagsins en þá er miðað við 3 mánaða aldur og að hvolpurinn sé fullbólusettur."

Er núna: 39. Ungviði (valkvætt)

*Ungviðaflokkur er fyrir hvolpa á aldrinum 4 - 6 mánaða.*

*Hvolpurinn fær skriflega umsögn en einkunn er ekki gefin. Keppt er um sætaröðun.*

*Sérlega lofandi hvolpar geta fengið Heiðursverðlaun.*

*Hvolpur í fyrsta sæti sem jafnframt fær Heiðursverðlaun, keppir um titilinn „Besta ungvíði tegundar“. Sá keppir síðan til úrslita um besta ungvíði sýningar (eða dagsins, ef sýning stendur í tvo eða fleiri daga).*

Breyta í: 39. Ungvíði (valkvætt)

*Ungvíðaflokkur er fyrir hvolpa á aldrinum 4 - 6 mánaða, sbr. þó 5. mgr.*

*Hvolpurinn fær skriflega umsögn en einkunn er ekki gefin. Keppt er um sætaröðun.*

*Sérlega lofandi hvolpar geta fengið Heiðursverðlaun.*

*Hvolpur í fyrsta sæti sem jafnframt fær Heiðursverðlaun, keppir um titilinn „Besta ungvíði tegundar“. Sá keppir síðan til úrslita um besta ungvíði sýningar (eða dagsins, ef sýning stendur í tvo eða fleiri daga).*

*Þrátt fyrir 1. mgr. getur sýningastjórn heimilað að fullbólusettir hvolpar allt niður í 3gja mánaða aldur taki þátt í minni sýningum félagsins, s.s.*

*hvolpasýningum og deildarsýningum og séu þá, eftir atvikum, sýndir í ungvíðaflokki.*

Mikill vilji félagsmanna hefur verið með að á hvolpasýningum félagsins sé miðað við 3 mánaða aldur og kom sá vilji sterkt fram á síðasta fulltrúaráðsfundi félagsins. Hvolpasýningar félagsins eru með talsvert minna sniði og afslappaðari viðburður heldur en stóru sýningar félagsins og því er sýningastjórn tilbúin að fallast á það að þær geti verið fín umhverfisþjálfun fyrir fullbólusetta hvolpa frá 3 mánaða aldri. Í Danmörku er almennt miðað við 3 mánaða aldur og í sýningareglum FCI er aðeins talað um að hvolpar þurfi að vera fullbólusettir, "- Minor Puppy Class (correctly inoculated puppies up to 6 months)"

Reglur og leiðbeiningar fyrir hringstjóra.

Í stað núverandi "6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi fái viðkomandi réttindi sem sýningardómari eða hefur ekki starfað sem hringstjóri í þrjú ár."

Breyta í: "6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi hafi hann ekki starfað sem slíkur í þrjú ár."

Nýr liður: "6.4 Ekki er æskilegt að hringstjóri, sem jafnframt er sýningadómari, sé hringstjóri þar sem dæmdar eru tegundir sem hann hefur sjálfur dómara réttindi á."

6.grein verður þá eftir breytingu:

6.1 Réttindi hringstjóra falla úr gildi ef viðkomandi hættir í HRFÍ eða greiðir ekki félagsgjald.

6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi hafi hann ekki starfað sem slíkur í þrjú ár

6.3 Til að viðkomandi geti endurheimt réttindi sín þarf hann að endurtaka nám og þjálfun með fullnægjandi hætti.

6.4 Ekki er æskilegt að hringstjóri, sem jafnframt er sýningadómari, sé hringstjóri þar sem dæmdar eru tegundir sem hann hefur sjálfur dómara réttindi á.

**Fyrri lagabreytingatillaga samþykkt, seinni tillöguna þarf að skoða betur**

**5. Erindi frá Retrieverdeild – Umsókn um deildasýningu**  
**Samþykkt**

**6. Erindi frá Jorgen Hindse**, president of the FCI Europe Section.

Jóna Th.Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir og Friður Esther Pétursdóttir ætla að hittast og lesa yfir reglurnar, erindinu þarf að svara fyrir 31.janúar.

7. **Grundvallarreglur HRFÍ** – *Erindi frá stjórnarfund 11. desember 2013.*  
Málinu frestað til næsta fundar.

8. **Sólheimakot** – úrsögn nýskipaðra félagsmanna í stjórn Sólheimakots:  
*Tölvupóstar 3. og 4. desember. Þeir aðilar, þau Jón Ásgeir Einarsson, Pétur Alan Guðmundsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Bragi Valur Einarsson, sem gáfu kost á sér í stjórn Sólheimakots sendu öll samhljóða tölvupóst sendu öll eftirfarandi samhljóða texta:*

*Ég undirritaður hef ákveðið að taka ekki sæti í stjórn Sólheimakotsnefndar þar sem núverandi reglugerð stjórnar HRFÍ er í engu samræmi við það sem upp var lagt með.*

Bókun stjórnarfundar 11. desember 2013:

*„Þar sem Ólafur, aðalmaður í stjórn, og Brynja, varamaður í stjórn, kjósa að tjá sig um þetta málefni, en hafa boðað forföll á þennan stjórnarfund, þykir rétt að fresta afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar. Einngi þykir sjálfsagt að bjóða þeim aðilum, sem stjórn HRFÍ skipaði í stjórn Sólheimakots á næsta stjórnarfund ef þeir kjósa.“*

Aðilar samþykktu að mæta á stjórnarfund 21. janúar kl.18:0

Pétur Alan kynnti málið fyrir hönd nefndarinnar, umræður fóru af stað um þau málefni sem aðilar eru ósammála um. Samkomulag náðist um nýja reglugerð um viðhald og endurbætur Sólheimakots.

## 10. Önnur mál

Skrifstofa óskaði eftir að stjórn samþykki erindi um undanþágu vegna skráningu í ættbók.  
**Samþykkt**

Fundi slitið kl.19.30.